

Íslenska kalkpörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

28. október 2025
UOS2501334/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. ágúst 2025 – ID 3

Þann 29. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Íslenska kalkpörungafélagið ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 13 mg/Nm^3 þann 9. maí 2023.
Í mælingu sem var gerð 7. og 8. maí 2024 var ryk í útblæstri beggja þurrkara innan heimilaðra marka og er frávikinu því lokað.
2. Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 33 mg/Nm^3 þann 5. desember 2023.
3. *Í mælingu sem var gerð 7. og 8. maí 2024 var ryk í útblæstri beggja þurrkara innan heimilaðra marka og er frávikinu því lokað.*
4. Vindbrjótur sem skv. starfsleyfi átti að setja upp fyrir lok janúar 2024 eru ekki til staðar.
Þann 13. desember 2024 var tekin ákvörðun um breytingu á starfsleyfi rekstraraðila. Breytingin felst í því að ekki er gerð krafa um að settir verði upp vindbrjótur á lóð rekstraraðila. Frávikinu er því lokað.
5. Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Þegar mælingar eru gerðar á ryki í útblásturslofti skal reikna lokahraða útblástursloftsins og skila þeim niðurstöðum til eftirlitsaðila.

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Umhverfisupplýsingum skal skv. starfsleyfi skila fyrir 1. Maí ár hvert fyrir undangengið ár. Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2024 bárust eftirlitsaðila 2. maí 2025. Frávikinu er því lokað.

2. Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst eftirlitsaðila 2. september 2025. *Frávikinu er því lokað.*
3. Leyfileg hámarkslosun ryks í útblæstri frá þurrkurum er 20 mg/Nm³. Ryk í útblæstri nýrri þurrkarans mældist 32 mg/Nm³ í mælingu sem var gerð 27. nóvember 2024. *Ryk í útblæstri nýrri þurrkarans var aftur mælt þann 28. janúar 2025 og mældist þá 6 mg/Nm³ og er frávikinu því lokað.*
4. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Lekavarnir við geymslu olíu, m.a. í gámi á lóð rekstraraðila eru ófullnægjandi.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

sérfræðingur í teymi eftirlits

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur í teymi eftirlits